

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn 6.maí 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Magnús Gauti Gautason, Hörður Sigurharðarson, Ármann Ketilsson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Áslaug Kristjánsdóttir boðaði forföll. Tryggvi Gunnarsson formaður Íþróttaráðs Akureyrarbæjar var gestur fundarins.

1. Kraftlyftingafélagið

Kraftlyftingafélagið er búið að leigja húsnæði og borgar leiguna sjálf. Er þó enn með starfsemi í Íþróttahöllinni.

Þóra gerði grein fyrir stöðunni á greiðslum húsnæðisstyrkja á þessu ári og síðasta.

Málið var rætt ýtarlega og kom m.a. fram að Taekwondo deildin hjá Þór kemur ekki til með að njóta húsnæðisstyrks áfram. Einnig kom fram að Laugargata losnar ekki fyrr en 2016.

Samþykkt var að ÍBA taki þátt í greiðslu húsaleigu fyrir Kraftlyftingafélagið að einhverju marki, sem þó getur ekki orðið fyrr en eftir endurskoðun fjárhagsáætlunar og skal málið tekið til umræðu aftur í sumarlok.

2. Rekstrarsamningar

Draupnir og Kraftlyftingafélagið hafa sent inn beiðni um rekstrarsamning við Akureyrarbæ. Samþykkt var að senda bréf til ÍRA sem mælir með því.

3. Framtíðarsýn ÍBA og aðildarfélaga

ÍRA hefur óskað eftir þátttöku ÍBA í stefnumótunarvinnu. Stjórn ÍBA fagnar því að farið verður í þetta verkefni og kemur til með að taka þátt í því.

4. Íþróttasaga Akureyrar

Haukur sagði frá hvernig HSK stóð að fjármögnun skráningar á sinni sögu. Eintök voru seld fyrirfram, samið var við félög um að kaupa bækur, sótt var í sjóði og bærinn keypti Eintök.

Kostnaður þeirra við útgáfuna var 16 milljónir. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að hefja verkið og setja á stofn ritnefnd sem fyrst. Tryggvi sagðist stefna á að vinna í að fjárveiting til verkefnisins komist inn í fjárhagsáætlun og hyggst hann kynna erindið fyrir bæjarráði. Einnig var ákveðið að byrja á umsóknarvinnu um styrki. Pröstur hyggst tala við Jón Hjaltason um þátttöku í ritnefnd.

5. Tilnefning í nefnd varðandi kynningu á íþróttahreyfingunni á Akureyri

Hugmyndin er góð og stendur til þess að ÍBA taki þátt í þessu. Ekki náðist þó frekari niðurstaða í málinu á fundinum.

Tryggvi tók til máls og sagði frá því að fyrr um daginn var skrifað undir nýja rekstrarsamninga við Þór og FIMAK. Hann sagði samning við KA einnig klárast í vikunni og væru þá 4 samningar eftir. Hann sagði nýju samningana vera hagstæða fyrir félögin, 10% hækkun vera fyrsta árið en félögin hafa barist í bökum eftir að verðtrygging var tekin af fyrri samningum.

Tryggvi yfirgaf fundinn 17.35

6. Ársreikningur 2012

Ársreikningur ÍBA fyrir árið 2012 var lagður fyrir fundinn. Magnús Gauti fór yfir tölurnar og

tiltók helstu breytingar milli ára en rekstrarniðurstaða var hagnaður upp á tæpa milljón króna. Reikningarnir voru samþykktir og verða undirritaðir á næsta fundi.

7. Önnur mál

Landsmót á Selfossi: Komnir eru tengiliðir frá helming þátttakenda og stefnt að því að klára um hvítasunnuhelgina þ.e. að þá liggi fyrir hverjir ætla að taka þátt.

Samningur milli KA og TBA um ráðstöfun lausafjár við tilfærslu starfsemi félagsins var kynntur.

Bréf frá ÍRA varðandi óskir um utanhúss aðstöðu, annars vegar frá Akri fyrir bogfimi og hins vegar Tennis & badmintonfélagsins fyrir tennis. ÍBA er falið að kalla eftir hugmyndum frá þeim um útfærslu og framkvæmdir.

Bréf barst frá Erlu Ormarsdóttur formanni FIMAK um Blátt Áfram ráðstefnu.

Bréf barst frá ÍSÍ um átakið Hjólað í vinnuna. Óskað var eftir að ÍBA sæi um kaffitjald og hefur UFA hljóladeild tekið það að sér.

Erindi var kynnt frá Ellert íþróttafulltrúa Akureyrarbæjar um að tímanotkun og nýting einstakra íþróttagreina og flokka yrði skoðuð með tilliti til hagræðingar- og samanburðarmöguleika á æfingaálagi og fl. Þetta þarf að gerast fyrir lok maí.

Haukur gerði grein fyrir viðaukasamningi milli Þórs og UFA. Stefnan hefur verið að ÍBA hafi veigameira hlutverk í samningunum og lýsti hann undirbúningsvinnunni með sinni þátttöku sem fulltrúa ÍBA. Hins vegar bar svo við að lokasamkomulagið var undritað án aðkomu ÍBA. Samþykkt var að senda athugasemd til aðila samningsins með afriti til Íþróttafulltrúa um að undirritun fulltrúa ÍBA vanti á samninginn og að þetta sé ekki í samræmi við stefnuna.

Formannafundur verður haldinn þriðjudaginn 4.júní. Ákveðið að senda erindi til Þorsteins Hjaltasonar um að halda erindi um slysatryggingar.

Fyrirspurn barst með beiðni um að kvennalið Þór/KA geti nýtt Akureyrarvöll til æfinga.

Aðalfundur Þórs átti að vera 29.apríl en hefur verið frestað til 8.maí – rætt var um fundarboðanir aðildafélaganna.

Öldungamót í blaki verður haldið á Akureyri á næsta ári. Tímasetningin er umdeild vegna áreksturs við Hængsmót. Nauðsynlegt er að leysa hnútinn sem fyrst og ná samningum.

Bréf frá Skattstjóra um ábyrgð félaga á skattgreiðslum verktaka. Lagt var til að málið verði rætt á næsta formannafundi.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 27.maí

Fundi var slitið kl. 18.40

MÓ ritaði